



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Árborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans er:.....	3
1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	7
4. Starfspróunarsamtöl.....	10
5. Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	10
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	10
7. Foreldrasamstarf	11
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
9. Próunarverkefni.....	14
10. Fylgiskjöl	15
10.1 Innra mat Rauðaland 2025-2026	15
Umbótaáætlun Rauðaland 2026-2027	16
10.2 Innra mat Bláalands 2025-2026.....	18
Umbótaáætlun Bláalands 2026-2027.....	19
10.3 Innra mat Grænaland deildar/deilda 2025-2026	21
Umbótaáætlun Grænalands 2026-2027.....	22
11. Umsögn foreldraráðs.....	25





Leiðarljós leikskólans er:

Traust – samvinna – lífsgleði - nám.

1. Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór vel af stað í Árborg og aðlögun nýrra barna gekk mjög vel en aðlögunin var mest á yngstu deildinni og komu börnin inn í þremur hópum. Fækkun var á fjölda barna í Árborg vegna aðstöðuleysis í rými leikskólans hér í Selásskóla. Lítið var um starfsmannabreytingar hjá okkur en töluvert um langtímaveikindi. Við höfum ekki þurft að ráða nýtt starfsfólk til að leysa það en fengum þó aðstoð frá Farteymi sérkennslu núna eftir áramótin. Við þurftum ekki að grípa oft til faliðunnar en þó kom það fyrir. Vinnustyttingar hér á bæ hafa verið tveir heilir dagar í mánuði og hefur það fyrirkomulag gengið vel upp. Starfsmannakönnunin kom ekki vel út fyrir skólann á síðasta ári en í ár erum við á uppleið í nokkrum þáttum, sérstaklega í stjórnun en það sem hafði helst neikvæð áhrif á könnunina var húsnæði og vinnuaðstaða starfsfólks.

Á síðasta skólaári fengum við ýmsa fræðslu, m.a komu þær Emilía og Magdalena frá *Miðju máls og læsis*. Þær kynntu málstefnugerð fyrir okkur og við erum stolt af því að við náðum að klára málstefnu leikskólans. Við fengum núvitundar námskeið hjá Saga story house á starfsdegi. Á degi leikskólans fóru við fórum á ráðstefnu í Háskólabíó.

Á síðasta hausti var lagt upp með að hafa einungis tvo árganga á tveimur elstu deildunum en ákveðið var að geyma þær breytingar fram til skólaárs 2026-2027 þegar leikskólinn verður kominn aftur í gamla húsnæði sitt við Hlaðbæ. Að öðru leyti var nóg um að vera í leikskólanum. Áhersla hefur verið á frjálsta leikinn en að auki var skapandi starf, útnám, skólastundir, Lubba stundir, vinafundir, og íþróttir í sal Selásskóla. Auk þessa bættist við samstarf við íþróttafélagið Fylki.. Börnin fóru einnig í ýmsar ferðir og má þar nefna Árbæjarsafn, Þjóðminjasafnið, áhorf á Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hallgrímskirkja, bókasafnið í Árbæ, Borgarleikhúsið og síðast en ekki síst tóku elstu börnin þátt í Barnamenningarhátíð í Hörpu. Við fengum slökkviliðið í heimsókn og umferðarskólinn var á sínum stað.

Á komandi skólaári verða töluverðar breytingar hjá okkur. Leikskólinn er að yngjast og börnin í elsta árganginum verða a.m.k. helmingi færri en vanalega. Í haust verða tveir árgangar á deild og krefst það mikilla breytinga hér innanhús. Að auki höfum við ákveðið að vinna í anda Reggio Emilia. Leikskólanum var boðið að koma í samstarf með fjórum öðrum leikskólum og þáðum það enda mikilvægt í svona starfi að læra af öðrum. Við höfum þegar fundað með samstarfsskólunum til þess að leggja línurnar fyrir veturinn. Við hlökkum mjög til samstarfsins.





Annars erum við afar spennt fyrir komandi skólaári. Ekki síst vegna þess að við stefnum á flutninga í Hlaðbæ í haust. Það eru spennandi tímar framundan og vil ég þakka starfsmönnum, foreldrum og samstarfsaðilum fyrir frábært og gefandi samstarf.

Elín Björk Einarsdóttir

Leikskólastjóri

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Spurningalisti
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deilda
Helstu niðurstöður mats	<p>Spurt var um hvort <i>markmið leikskólans</i> væru nógu skýr og lifandi og hvort börnin væru <i>örugg</i> í daglegu starfi. Svörin voru almennt að svo væri og að starfsfólk reyndi að vinna eftir þeim eftir bestu getu. Starfsfólk taldi að bæta mætti <i>jöfnun tækifæra</i> til handa börnunum. Barnahópurinn er með mjög fjölbreyttan bakgrunn og mörg tungumál og því erfitt að mæta þörfum allra í daglegu starfi. Starfsmenn eru almennt mjög meðvitaðir um þetta og gera sitt til að bæta þetta með hópaskiptingu og markvissri málörvum fyrir þau sem þurfa. Málið er forsenda þess að þau nái að taka fullan þátt í starfinu og eignast vini. <i>Verkefni leikskólans</i> eru eins fjölbreytt og aðstæður okkar hér í Selásskóla leyfa en vissulega þyrftum við að hafa hentugra húsnæði til að bæta þar við. Kennararnir gera þó sitt besta til að nýta það sem er í boði til að bjóða upp á <i>verkefni við hæfi</i> barnanna.</p> <p>Spurt var um hvort <i>markmið leikskólans</i> væru nógu skýr og lifandi og hvort börnin væru <i>örugg</i> í daglegu starfi. Svörin voru almennt að svo væri og að starfsfólk reyndi að vinna eftir þeim eftir bestu getu. Starfsfólk taldi að bæta mætti <i>jöfnun tækifæra</i> til handa börnunum.</p>







Ytra mat

Ytra mati er unnið út frá niðurstöðum könnunar *Stofnun ársins 2025*.

Leikskólinn Árborg var í flokki fyrirtækja með 5-24 starfsmenn.

Svarhlutfall úr könnun var frekar lágt.

Helstu niðurstöður voru jákvæðari núna en fyrir ári síðan.

Hvað var metið?	Stofnun ársins 2025
Hvernig fór matið fram?	Könnun var send til allra starfsmanna leikskólans.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn leikskólans Árborgar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður þeirra þátta sem mældir voru hafa allar hækkað á milli ára. Það er vísbending um að ánægja starfsfólks fari vaxandi.

Hér í töflunni fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður frá árunum 2024 og 2025.

	2025	2024
Heildarmat	3,97	3,33
Stjórnun	4,47	3,07
Starfsandi	4,20	3,38
Launakjör	2,76	2,77
Vinnuskilyrði	2,46	2,37
Sveigjanleiki í starfi	4,48	4,29
Ímynd stofnunar	3,94	3,30
Ánægja og stolt	4,05	3,26
Jafnrétti	4,60	3,60





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun	Stefna leikskólans
Umbótaþáttur/matsþáttur	Innleiðingarferli Reggio Emilia
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að dýpka skilning starfsfólks á Reggio Emilia og að allt starfsfólk taki virkan þátt í því og efla börnin í skapandi hugsun og sjálfstæði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að vinna í anda Reggio
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við erum byrjuð og sú vinna mun standa yfir allt árið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarfundir, deildarstjórafundir, aðilar innanhús sem helda utan um starfið.
Viðmið um árangur-	Að starfsfólkið átti sig út á hvað Reggio gengur og geti tileinkað sér Reggio hugsun.

Stjórnun	Nýliðafræðsla
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að unnið sé eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að endurgera starfsmannahandbók og útbúa móttöku bækling fyrir nýtt starfsfólk.
Aðgerðir til umbóta	Fylgja eftir áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 og verður nýtt þegar nýtt starfsfólk kemur í hús.
Hvenær og hvernig á að meta?	Gátlisti
Viðmið um árangur-	Að allir nýliðar ljúki við nýliðafræðslu SFS og Blíð byrjun verði virt.





Mannauður	Samskipti og vellíðan
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samskipti og eftirfylgni allra starfsmanna á uppeldisstefnu leikskólans. Bæta upplýsingaflæði á milli deilda og bæta samskipti í einstökum tilfellum. Gera samskiptasáttmála.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að samskipti alls starfsfólksins batni og starfshópurinn gangi í takt við gildi leikskólans sem eru <i>traust, samvinna, lífsgleði og nám</i> .
Aðgerðir til umbóta	Í starfspróunarsamtölum. Stefnt er að því að fá a.m.k tvo ólíka aðila sem geta fjallað um þetta efni. Mögulega ráðgjöf til vinna á vissum samskiptavanda. Ráðgjöf/einstaklingsviðtöl frá Stuðnings- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar. Mannauðsráðgjafa.
Ábyrgð	Stjórnendur og starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Aðgerðir eru þegar hafnar og verða eins lengi og þurfa þykir.
Hvenær og hvernig á að meta?	Í starfspróunarsamtölum og fundir innanhús með starfsmönnum.
Viðmið um árangur	Betri samskipti, meiri gleði, jákvæðni og samvinna.





Stjórnun	Leikskólabragur/starfsandi
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að styrkja og byggja um samheldni í starfsmannahópnum. Efla þarf starfshópinn
Tækifæri til umbóta	Að styrkja starfsmannahópinn, byggja upp samheldni og meiri gleði í starfsmannahópnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þar sem erfitt hefur reynst að gera eitthvað skemmtilegt eftir vinnu þá þarf að finna lausn á því. Hugsanlega mun hver deild sjá um amk einn viðburð. Vonandi tekst okkur að stofna starfsmannafélag. Best væri að gera skriflega áætlun fyrir og eftir áramót þannig að þetta gleymist ekki.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt árið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Í starfspróunarsamtölum og eftir þörfum.
Viðmið um árangur-	Að það verði meiri gleði og sátt í starfsmannahópnum og að fólk vilji gera eitthvað saman utan vinnu.





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtölin fóru fram á tímabilinu mars – maí. Viðtölin voru u.þ.b 30-60 mínútur.

Starfsfólk er almennt ánægt í Árborg í heild sinni þrátt fyrir langa veru við erfiðar vinnuaðstæður vegna myglu. Starfshópurinn hefur verið verulega samstíga og þrautseigur í gegnum mygluvesenið hjá okkur en nú finnur maður að langlundargeðið er á þrotum. Því skiptir verulegu máli fyrir okkur að fá skyr svör um það hvernig næsta skólaár mun líta út hjá okkur. Hvað varðar samskiptavandann má búast við að hægt verði að vinna bug á honum með aðstoð fagmanna og fyrirlestra. Að öðru leyti eru flest starfsfólk tilbúið í breytingar.

Ánægjulegt að segja frá því að amk tveir starfsmenn hyggja á nám við Háskóla Íslands, annar í diplómunámi í leikskólakennarafræðum og hinn í kennslufræði tengt stærðfræði.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Hér kemur gróf áætlun um fræðslu út frá umbótaþáttum leikskólans:

- Kynning á Reggio starfi. Við verðum með Jöklaborg á sameiginlegum starfsdegi í september og fáum fræðslu frá Kristínu Hildi.
- Fræðsla tengd samskiptum í september frá Stjórnenda og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar
- Samskiptasáttmáli unninn – utanaðkomandi aðili aðstoðar, annaðhvort frá SFS eða annarsstaðar.
- Leikskólinn hefur fengið samþykkt að senda 2-3 starfsmenn/stjórnendur á námskeið/námsheimsókn á vegum Erasmus og munum við nýta okkur það á næsta skólaári.
- Við stefnum á að fara í námsferð í apríl eða maí 2027. Við erum mjög spennt fyrir því að fara til Reggio á Ítalíu og fá andann yfir okkur.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við grunnskóla í hverfinu er tvíþætt. Við höfum verið í samstarfi við Árbæjarskóla en sá skóli er næst okkur þegar við erum í Hlaðbæ. Elstu börnin hafa farið í skólaheimsókn þangað að vori. Einnig erum við í samstarfi við Selásskóla þar sem við erum staðsett núna og höfum við fengið aðgang að íþróttahúsinu einu sinni í viku og við getum notað frístundarheimilið Víðisel fyrir hádegi. Í fyrrahaust hófum við samstarf við íþróttafélagið Fylkir en það samstarf fólst í því að Fylkisstarfsmenn komu og kenndu leikskólafótbolta á leikskólatíma. Foreldrar skráðu börnin sín í fótboltann en starfsmenn leikskólans fóru með börnin í íþróttahús Selásskóla. Mögulega tókum við aftur þátt næsta vetur en fer eftir húsnaðismálum. Við förum einnig í heimsóknir í Töfrasel, frístundaheimili Árbæjarskóla.





Reggio samstarfið er ný tilkomið en við ætlum að vera í samstarfi með leikskólunum Austurborg, Björtuhlíð, Jöklaborg og Sunnuási. Þar sem flestir þessir skólar hafa unnið lengur með Reggio þá er planið að Jöklaborg og Árborg fari saman á kynningu um Reggio í haust. Eftir áramótin verða leikskólarnir saman og þá verða útbúnaðar smíðjur þar sem leikskólastarfsfólkið fær að kynna efnivið og fá nýjar hugmyndir.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Haust 2027	Íþróttahús	Selásskóla	Deildarstjórar
Haust 2027	Íþróttahús/leikskólafótbolti	Selásskóli	Fylkir
Haust 2027	Reggio samstarf	Staðsetning óráðin	Leikskólastjóri
Haust 2027	Frístundaheimilið Víðisel	Selásskóli	Verkefnastjóri fjölmenningar
Vor 2027	Reggio samstarf	Staðsetning óráðin	Leikskólastjóri
Maí 2027	Heimsókn í Árbæjarskóla og frístund	Árbæjarskóli	Stjórnendur Árbæjarskóla.
Maí 2027	Frístundaheimili	Töfrasel	Deildarstjórar.

7. Foreldrasamstarf

Góð samvinna er á milli leikskólans og foreldra og lögð er áhersla á að leikskólinn og heimilin myndi saman samfélag sem styður börnin í þroska og uppvexti. Foreldrasamstarfið er gott í Árborg og við skynjum að foreldrar eru ánægðir. Fréttir eru sendar til foreldra einu sinni í viku þar sem farið er yfir vikuna og hvað er í vændum í leikskólanum. Viðburðardagatal í Völu er vel nýtt og einnig eru myndir settar reglulega inn á Völu. Við ætlum að breyta fyrirkomulaginu með foreldraviðtöli en núna verða þau einu sinni á ári en foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali við deildarstjóra. Foreldrafélagið er mjög virkt sem starfar innan leikskólans og stendur fyrir ýmiss konar viðburðum og skemmtunum, meðal annars í kringum jóla og vor/sumar. Á síðasta ári var engin sumarhátíð en við stefnum á að halda sumarhátíð í júní. Foreldrafélagið borgaði fyrir jólasveina á jólaballinu og tók þátt í kostnaði við leiksyningu sem við fengum til okkar í janúar. Þau taka einnig þátt í kostnaði af sumarhátíðinni.





Foreldrar fá vikuleg fréttabréf með upplýsingum um starfið og það sem framundan er. Einnig höfum við skráð viðburði í viðburðardagatal í Völu.

Í lok júnímánaðar verður haldinn kynningarfundur fyrir nýja foreldra þar sem verður farið yfir allt það helsta sem kemur að leikskólanum, foreldrar fá afhenta foreldrahandbók, aðlögun kynnt. Á sama fundir eru nýir foreldrar boðaðir á fund með deildarstjóra. Við verðum með kynningu á foreldrafélaginu – og ráðinu og munum óska eftir foreldrum í það þar sem margir eru að hætta.

Í Árborg eru tvö samstarfsverkefni milli heimilis og skóla. Annað er *bókaormurinn*, þar sem börnin koma með miða að heiman með skráðum bókum sem hafa verið lesnar. Þetta verkefni er samtals í tvo mánuði eða einu sinni á önn. Hitt samstarfsverkefnið er í tengslum við *Lubbi, finnur málbein* en þá fá börnin *Lubba*, hundinn okkar, með sér heim um helgar og halda áfram að læra um máhljóð vikunnar í gegnum leik og samveru.





8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á hverju skólaári eru sex skipulagsdagar og þá er leikskólinn lokaður. Þrír af þeim eru sameiginlegir með leik- og grunnskólum í hverfinu.

Eftirfarandi skipulagsdagar verða hjá okkur:

- ✓ 27.ágúst, fimmtudagur fyrir hádegi – opnum kl. 12:00
- ✓ 30.september, miðvikudagur, sameiginlegur.
- ✓ 27.nóvember, föstudagur.
- ✓ 5.febrúar, föstudagur, sameiginlegur
- ✓ Óvíst vegna námsferðar, sameiginlegur.
- ✓ Óvíst vegna námsferðar
- ✓ Hálfur dagur, óvíst.

Ekki er komið á hreint hvenær við förum í námsferð en þeir skipulagsdagar sem verða nýttir í ferðina verða auglýstir tímanlega og leikskóladagatalið verður uppfært, á dagatali skólans koma nokkrir dagar til greina og eru skráðir sem *skipulagsdagur tillaga*.

Hálfur skipulagsdagur verða skipulagður þegar námsferðin er komin á hreint.

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F Böskormur hefur	1 S	1 Þ Fallveldisdagur	1 F Nýársdagur	1 M	1 M Foreldrar hefur	1 F	1 L Verkalífsdagur	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ Farsaldarvik	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F Friðdagur vorlesarmark	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M Farsaldarvik	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F Sumarfrí	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F Farsaldarvik	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Skipulagsdagur	5 F Farsaldarvik	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M Þrettándin	6 L	6 Þ	6 F Uppgátisdagur	6 S	6 Þ Síðmannadagurinn
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S Dagur líkleglóna	7 M	7 M	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F Dagur íslis	8 S	8 Þ Þarftedagur ogge eiseití	8 Þ	8 F Vasalósdagur	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ Sprengidagur	9 F	9 F Blír dagur	9 S	9 M
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M Dagur daga	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 M	11 F Falingsdagur forseta Íslands (HT)	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F Dagur íslensku skólafrí	11 M	11 S	11 Þ	11 F Óskrifit eða ka
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 F Skipulagsdagur tillag	13 S
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 F Skipulagsdagur tillag	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 Þ	15 F	15 M	15 L	15 M	15 Þ	15 L	15 Þ	15 F
16 M	16 M	16 F Dagur íslensku	16 S	16 Þ Dagur af íslensku	16 M	16 L	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 M
17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 M	17 L	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 L	18 F	18 M	18 L	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F Konkaffi	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 F	20 F Foreldrar ískeri	20 M	20 M
21 F	21 M	21 F	21 M	21 F	21 M	21 L	21 M	21 M	21 M Græn dagur	21 F	21 M
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M
23 M	23 F	23 M	23 F	23 M	23 L	23 Þ	23 M	23 F	23 F	23 S	23 M
24 M	24 L	24 M	24 F	24 M	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 F	24 M
25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 M	25 L	25 Þ	25 M	25 F	25 F	25 S	25 F
26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 F	26 S	26 M	26 L	26 M	26 M	26 M
27 M	27 F	27 M	27 F	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 F	27 F	27 S	27 M
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 L	28 Þ	28 M	28 L	28 M	28 M	28 M
29 M	29 L	29 M	29 F	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 M	30 F	30 M	30 L	30 Þ	30 M	30 L	30 M	30 M	30 F
31 M	31 L	31 M	31 F	31 M	31 F	31 S	31 M	31 L	31 M	31 M	31 L

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfríis og skráningardagur eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarfríi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfeilt í tíu til tuttugu virka daga. Stétna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hvern leikskólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



9. Þróunarverkefni

Ekkert þróunarverkefni liggur fyrir á skólaárinu 2026-2027 þar sem einblína þarf á að koma leikskólanum vel fyrir í nýju húsnæði.





10. Fylgiskjöl

10.1 Innra mat Rauðaland 2025-2026

Styrkleikar

Styrkleikar liggja í málörvun sem hefur alltaf verið lögð mjög mikil áhersla á. Þau börn sem þurfa meiri aðstoð með íslenskukunnáttu fara í skipulagðar málörvunarstundir sem hefur skilað miklum og góðum árangri. Ásamt því erum við með *Lubbastundir* og *Gefðu tíu*. Í lubbastundum fá börnin mikla málörvun, þau læra máhljóðin og hvernig við notum þau. Gefðu tíu gefur okkur tækifæri til að meta það hvar hvert barn er stött í orðaforða og málskilning. Ásamt því að vera mikil gæðastund fyrir börnin.

Það eru skipulagðar samverustundir í Árborg, stundir sem við skiptum upp í söng og lestur bóka. Ásamt því að fara reglulega yfir þulu mánaðarins. Útbúin hafa verið sönghefti eftir mánuðum og eru þau mikið notuð.

Tákn með tali er mikið notað í Árborg. Það er notað við matmálstíma og læra börnin nokkuð fljótt táknin. Einnig mikið notað í fataklefanum.

Bókaormur er tvisvar á ári og hefur gengið mjög vel á Rauðalandi.

Í Árborg eru kennarar meðvitaðir um það að leggja orð á allar athafnir og nýta hvert tækifæri til málörvunar.

Tækifæri

Breyting verður á deildinni í haust þegar tveir árgangar verða í stað þriggja. Við sjáum mikil tækifæri í því að geta skipt árgöngunum meira upp, að hver árgangur sé meira saman. Bæði upp á þroska þeirra og tengingu við jafnaldra. Málörvunarstundir verða markvissari vegna þess að við höfum tök á að skipta börnunum upp miðað við getu hvers og eins. Tækifæri til aukinnar málörvunar, máltjáningar og málskilnings eru því mjög mikil.

Lubbastundir verða áfram hjá yngri árgangi og munum við fletta því inn í skipulagðar málörvunarstundir.

Mikilvægt er að merkja hluti sem eru sjáanlegir inni á deild, með nafni svo börnin sjái skriflegt letur og læra þar með að þekkja orðin.

Sjálfsþing og sjálfsöruggi þarf að halda áfram að efla. Börnin verða með því sjálfstæðari í daglegum athöfnum ef þau fá tækifæri til að reyna sjálf.

Einnig munum við efla samvinnu á milli barnanna, að þau læri meira um vináttu og hve mikilvæg hún er.





Umbótaáætlun Rauðaland 2026-2027

Deild/aldur barna	Sjálfsfelling
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að börnin verði sjálfstæðari í daglegum athöfnum. Þau læri að skammta sér sjálf í matmálstímum. Þau sjái um það sjálf að klæða sig í og úr. Verði sjálfstæð á salerni.
Tækifæri til umbóta	Að efla þeirra sjálfstæði og færni í daglegum athöfnum.
Aðgerðir til umbóta	Börnin hvött til að sýna frumkvæði í þeim aðstæðum sem þau ráða við. Td í fataklefa og við matarborðið.
Ábyrgð	Allt starfsfólk á deild.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt árið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið út frá hverju barni, hvar það er staðsett og hvað ætti helst að leggja áherslu á. Metið reglulega.
Viðmið um árangur	Erfitt að mæla árangur en við fylgjumst með öllum börnunum og sjáum árangur þeirra.

Deild/aldur barna	Málörvun
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að börnin verði öruggari í tjáningu á íslensku, sérstaklega þau börn sem eru tvítyngd. Styðja vel við þau börn sem hafa íslensku sem annað mál. Höfum markvissar málörvunarstundir.
Tækifæri til umbóta	Að efla máltjáningu, málskilning og öryggi hjá öllum börnum.
Aðgerðir til umbóta	Málörvunarhópar hafa verið í gangi og verða áfram. Ásamt því mun starfsfólk á deild sinna málörvun.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmenningar og deildarfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Málörvunarstundir eru í gangi allt árið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með því að starfsfólk sé upplýst og upplýsi annað starfsfólk um getu hvers og eins. Hvar börnin séu stödd og hvað ætti að leggja áherslu á inni á deild.





Viðmið um árangur	Hér skiptir mestu máli að starfsfólk deildar sé upplýst um skipulagðar málörvunarstundir, hvað sé verið að vinna að. Svo hægt sé að vinna áfram með inni á deild og þá hægt að skrá niður og meta framfarir út frá því.
--------------------------	---

Deild/aldur barna	Samvinna - Vinátta
Umbótapáttur/matspáttur	Að börnin læri að virða hvort annað, noti falleg orð og komi eins fram við alla.
Tækifæri til umbóta	Að þau læri um vináttuna og umburðarlyndi.
Aðgerðir til umbóta	Lesi bækur um vináttu og samvinnu, tala reglulega um vináttuna. Halda áfram með vinaviku og vinafundi.
Ábyrgð	Allt starfsfólk á deildum.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Samtalið um vináttu á alltaf að eiga sér stað allan ársins hring.
Hvenær og hvernig á að meta?	Með því að tala reglulega við börnin, spyrja þau spurninga og heyra frá þeim.
Viðmið um árangur	Árangur er mældur með því að tala við börnin og leggja við hlustir. Fylgjast með því hvernig þau tala við hvort annað og koma fram við hvort annað.





10.2 Innra mat Bláalands 2025-2026

Styrkleikar

Styrkleikar liggja í miklum málörvun. Það hefur verið lögð mikill áhersla á markvissa málörvun. Málörvunin fer mikið fram í lestri, söngstundum, spilum, og hlutverkaleikjum. Börn sem hafa þurft aukna aðstoð með íslenskukunnáttu hafa farið í skipulagðar málörvunarstundir hafa þær skilað miklum árangri. Einnig hefur verið farið með yngri börnin í Lubba stundir, þar fá þau mikla málörvun, læra máhljóðin og hvernig þau eru notuð. Gefðu 10 hefur verið notað en þar fær barn gæðastund með starfsmanni og þar er hægt að meta betur hvar barn er stadd í málskilningi og orðaforða. Við erum með þrjár samverustundir, þar er lesið, sungið, farið með þulur og leiknir ýmsir leikir. Bókaormur er tvisvar á ári, fyrir og eftir áramót. Foreldrar eru hvattir til að lesa fyrir börnin. T.M.T hefur verið í notkun á leikskólanum þó aðallega í kringum matartíma og þar sem þjónar læra að nota tákni til að segja hvað er í matinn. Einnig í fataklefanum. Haldið verður áfram að vinna með málörvun í Árborg þar sem hér er hátt hlutfall erlendra barna. Starfsfólk er meðvitað um að leggja orð á allar athafnir og nýta stundir í málörvun við öll tækifæri.

Tækifæri

Tækifæri til aukinnar málörvunar, málskilnings og tjáningar liggja í því að leggja orð á allar athafnir og merkja hluti með nafni og myndum. Mikilvægt er að nota sjónrænt skipulag og nota þau verkfæri sem við höfum t.d. tákn með tali í daglegum samskiptum. Við leggjum okkur fram um að fylgjast með hvað fer fram í Lubba stundum og málörvunarhópum. Þar er unnið með máhljóð og merkingu orða sem er hægt að tengja inn í samverustundir, einnig læra þau að átta sig á bókstöfum og hljóði þeirra. Lögð verður áhersla á félagsfærni og sjálfseflingu. Þannig styrkjast þau í samskiptum og verða öruggari í umhverfi sínu. Sjáum til þess að börnin fái tækifæri til að uppgötva og læra gegnum fjölbreytan efnivið. Vinna með tengslamyndun og traust barnanna til starfsfólks með hlýju viðmóti og hlýri móttöku á morgnanna.





Umbótaáætlun Bláalands 2026-2027

Aldur 2-3 ára	Málörvun
Umbótaþáttur	Markvissar málörvunar stundir fyrir fjöltyngd börn. Styðja við framfarir barna sem læra íslensku sem annað mál.
Tækifæri til umbóta	Að efla íslensku, máltjáningu og skilning hjá þeim sem þurfa .
Aðgerðir til umbóta	Börn verða í litlum lestrarhópum, söngstundum, leikhópum sem og einstaklings. Skráð verður framfarir þeirra með tillit um getu hvers og eins.
Ábyrgð	Deildastjórar og aðrir starfsmenn. Verkefnastjóri fjölmenningar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept –út allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með að skrá niður og starfsfólk upplýsir hvert annað um getu barns og hvað er hægt að leggja áherslu á, einnig hvað er verið að vinna með hverjum og einum. Tekið fyrir á deildafundum. Tras skráningar, EFI-2
Viðmið um árangur	Að börnin tjái sig miðað við aldur, aldursvarandi málproski.

Aldur 2-3 ára	Sjálfsþing
Umbótaþáttur	Að börn fái tækifæri til að æfa sig í daglegum aðstæðum í fataklefanum, matartímanum og salerni eftir hverjum aldri og þroska fyrir sig.
Tækifæri til umbóta	Að börnin verði öruggari og sjálfstæðari í athöfnunum daglegs lífs
Aðgerðir til umbóta	Að börnin fái að taka þátt í daglegum athöfnum sínum í fataklefa og salerni. Fái hvatningu til að klæða sig og sýna frumkvæði í vissum aðstæðum.
Ábyrgð	Deildastjórar og aðrir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.





Hvenær og hvernig á að meta?	Metið út frá hverju barni , hvar það er stadd í þroska og hvað er hægt að leggja áherslu á.
Viðmið um árangur	Öruggari og sjálfstæðari einstaklingar
Aldur 2-3 ára	Félagsfærni
Umbótaþáttur	Að styrkja börn í félagsfærni og leik með öðrum börnum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börn nái færni í félagslegum samskiptum með öðrum börnum í samleik.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna með börnum í litlum hópum Að börnin fái hvatningu til að tjá sig og vinna saman. Að bjóða upp á spil sem æfa félagsfærni.
Ábyrgð	Deildastjórar og aðrir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið út frá hverju barni , hvar það er stadd í þroska og hvað er hægt að leggja áherslu á.
Viðmið um árangur	Að börnin eignist góða vini og séu góðir félagar





10.3 Innra mat Grænaland 2025-2026

Styrkleikar

Á yngstu deild var lögð mikil áhersla á öryggi, tengslamyndun og vellíðan barnanna og að skapa jákvætt og styðjandi umhverfi þar sem hvert barn fær að njóta sín. Börnin fengu fjölbreytt tækifæri til að taka þátt í daglegum athöfnum, svo sem í leik, matartímum og frágangi, þar sem sjálfstæði þeirra var markvisst eftl.

Unnið var markvisst með málörvun í gegnum lestur, söng og TMT (tákn með tali) og aðferðin var nýtt til að efla mál og samskipti barna. Lubbastundir og Gefðu 10 voru skipulagðir málörvunarþættir í starfinu.

Börnin tóku virkan þátt í bókaormi þar sem foreldrar voru hvattir til að lesa fyrir börnin sín heima.

Einnig var lögð áhersla á hreyfingu bæði inni og úti og börnin fóru reglulega í íþróttasal þar sem þau fengu tækifæri til að þjálfa grófhreyfingar. Samhliða því var unnið með fínhreyfingar í gegnum skapandi starf, leik og dagleg verkefni.

Áhersla var lögð á góð samskipti þar sem börnin fengu stuðning við að taka þátt í hópstarfi og mynda tengsl við önnur börn.

Tækifæri

Við viljum halda áfram að efla málþroska barna á markvissan hátt, sérstaklega hjá börnum sem eru að læra íslensku sem annað mál. Einnig er tækifæri til að þróa enn frekar notkun á TMT og fjölbreyttum málörvunaraðferðum til að styðja við skilning og tjáningu barna.

Við viljum einnig halda áfram að styrkja sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum, svo sem í matartímum, í fataklefa og í leik, með því að gefa þeim sinn tíma, rými og stuðning til að prófa sjálf og taka meiri þátt.

Nýta íþróttasal til að styðja við grófhreyfingar og efla fínhreyfingar enn frekar í gegnum skapandi starf og leik.





Umbótaáætlun Grænlands 2026-2027

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur	Málörvun og samskipti í daglegu starfi deildar.
Tækifæri til umbóta	Stefnt er að því að efla málþroska barna, auka orðaforða, skilning þeirra og styðja þau í daglegum samskiptum.
Aðgerðir til umbóta	Í gegnum lestur, söng, tákni með tali og dagleg samskipti þar sem lestrarstundir og Gefðu 10 verða nýttar markvisst til að efla mál og samskipti barna.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið er með daglegri skráningu og umræðum á deildarfundum.
Viðmið um árangur	Börn sýna aukinn orðaforða og taka virkari þátt í samskiptum.

Aldur 18 mán-2 ára	
Umbótaþáttur	Sjálfstæði barna í daglegum athöfnum.
Tækifæri til umbóta-	Stefnt er að því að efla sjálfstæði barna og öryggi þeirra í daglegu lífi.
Aðgerðir til umbóta	Börnin eru hvött til sjálfstæðis í daglegum athöfnum með stuðningi starfsfólks.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Fylgst er með framförum hvers barns og rætt reglulega á deildarfundum.
Viðmið um árangur	Börn sýna aukið sjálfstæði og taka meiri þátt í daglegum athöfnum.





Aldur 18 mán-2 ára	
Umbótaþáttur	Hreyfing og líkamlegur þroski barna.
Tækifæri til umbóta	Stefnt er að því að efla grófhreyfiþroska barnanna.
Aðgerðir til umbóta	Börnin hreyfa sig bæði inni og úti og fara reglulega í íþróttasal til að æfa hreyfifærni.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með athugunum og umræðum á deildarfundum.
Viðmið um árangur-	Börn sýna aukna færni í hreyfingu og taka virkari þátt í starfinu.





F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





11. Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



